

kosinn til tveggja ára og ritari til eins árs. Í framkvæmdastjórn skal aðeins vera einn yfirlæknir frá hverri deild.

5. gr.

Yfirlæknaráð heldur fundi þegar framkvæmdastjórn telur ástæðu til. Þó skal formaður boða fund, þegar fjárhagsáætlun deilda er undirbúin, eða eigi síðar en í maímánuði ár hvert. Er það aðalfundur og skal þá kosið í framkvæmdastjórn. Fund skal og halda er tilnefnt er í læknisstöður, aðrar en kandidats- eða staðgengilsstöður til skemmri tíma. Enn fremur skal halda fund ef $\frac{1}{3}$ yfirlækna óskar þess. Við afgreiðslu mála ræður meiri hluti atkvæða, en falli atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns úrslitum.

6. gr.

Framkvæmdastjórn heldur fundi fyrsta föstudag hvers mánaðar, þó ekki í júlí, ágúst og september, en oftár, ef þörf krefur. Framkvæmdastjórn afgreiðir þau mál, sem hún telur ástæðu til að leggja fyrir fund í yfirlæknaráði. Sé framkvæmdastjórn ósammála, getur hver stjórnarmanna skotið ágreiningnum til fundar yfirlæknaráðs.

7. gr.

Fund í yfirlæknaráði skal að jafnaði boða með viku fyrirvara. Dagskrá skal fylgja fundarboði. Yfirlæknaráð og framkvæmdastjórn skulu halda gerðabók og séu fundargerðir undirritaðar að fundi loknum.

8. gr.

Þjóða má ráðamönnum heilbrigðis- og spítalamála á fund yfirlæknaráðs, þegar ástæða þykir til.

9. gr.

Til breytinga á reglum þessum þarf $\frac{2}{3}$ hluta atkvæða mættra yfirlækna.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í sjúkrahúsálögum nr. 93 31. desember 1953 og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 11. júní 1964.

Jóhann Hafstein.

Jón Thors.

AUGLÝSING

um umferð í Grindavík.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Grindavíkurhrepps hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð í kaupúninu samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 26 frá 2. maí 1958.

Aðalbrautir:

Ákveðinn hefur verið aðalbrautarréttur á Víkurbraut, Ægisgötu og Ránargötu. Athygli skal vakin á því, að vegir, sem liggja að aðalbraut, eru við vegamótin merktir biðskyldu ellegar stöðvunarmerki.

Sýslumaður Gullbringu- og Kjósarsýslu, 19. júní 1964.

Björn Sveinbjörnsson.